

#### **45. Frumvarp**

til fjáráukalaga fyrir árið 1926.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1926, eru veittar samkv. 2.—8. gr. hjer á eftir kr. 288407,68.

2. gr.

Til viðbótar við gjöld í 10. gr. er veitt:

1. Til aðgerðar á ráðherrabústaðnum ... ..	35000,00	
2. Til sendiherra í Kaupmannahöfn, laun o. fl. ... ..	22500,00	
		57500,00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1. Læknisvitjunarstyrkur Suðureyrarhrepss fyrir 1924 (endurveiting) .. .. .	200,00	
2. Styrkur upp í legukostnað Bjarna Jónssonar frá Vogu ..	2500,00	
3. Til byggingar starfsmannabústaðar á Vífilsstöðum ...	15000,00	
4. Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga ... .. .	4600,00	
		22300,00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Til kaupa á snjóbil ... .. .	25000,00
------------------------------	----------

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1. Styrkur til húsabyggingar á prestssetrinu Höskuldsstöðum	14000,00	
2. Til íbúðarhússbyggingar á Bergþórshvoli... .. .	30000,00	
3. Álag á kirkjunni á Kálfafellsstað ... .. .	2500,00	
4. Álag á Auðkúlukirkju ... .. .	1000,00	
5. Til síra Bjarna Jónssonar og síra Friðriks Rafnars upp í kostnað við að sækja kirkjuþing í Stokkhólmi 1925, 500 kr. til hvors ... .. .	1000,00	
6. Til miðstöðvar á Hólum í Hjaltadal... .. .	6550,29	
7. Til aðgerðar á húsinu nr. 12 í Kirkjustræti, rannsóknarstofu Háskólans ... .. .	10500,00	
8. Utanfararstyrkur til skólastjóra Halldórs Vilhjálmssonar	1500,00	
9. Til gagnfræðaskólaus á Akureyri, málning o. fl. ... ..	6700,00	
10. Til viðbótarbyggingar við Daufdumbraskólann ... ..	45000,00	
11. Til aðgerðar á Stýrimannaskólanum ... .. .	3300,00	
		122050,29

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1. Tillag til Bureau International de Statistique Commerciale, Bruxelles ... .. .	967,55	
		967,55
Flyt	967,55	226850,29

	Flutt	967,55	226850,29
2. Til landsbókasafnshússins, málning o. fl. ... ..		3500,00	
3. Aðstoð á Þjóðskjalasafninu ... ..		900,00	
4. Landsbókavörðnr Guðm. Finnbogason: Launabót..		1125,00	
5. Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagna- söfnunar (Endurveiting) ... ..		500,00	
6. Til að sækja sagnfræðingamót erlendis ... ..		1500,00	
7. Til að sækja blaðamannafund i Málmey og Genf ... ..		1000,00	
8. Til að sækja bindindisþing i Dorpat ... ..		500,00	
9. Til minningarrits um Eggert Ólafsson ... ..		2000,00	
		<hr/>	11992,55

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin i 16. gr. er veitt:

1. Aðgerð á varnargarði fyrir Holtsá undir Eyjafjöllum ...	1321,55
2. Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki ... ..	35000,00
3. Til skógræktar- og sandgræðslunáms .. ..	200,00
4. Magnús Einarsson, dýralæknir: Utanfararstyrkur ... ..	1500,00
5. Til varnargarðs fyrir Pverá i Öngulsstaðahreppi ... ..	3000,00
6. Til endurbótar sjóvarnargörðum i Selvogi.. ..	1042,41
7. Til aðstoðarmanns i efnarannsóknarstofunni, Bjarna Jósefssonar, cand, polyt., frá 1. júlí ... ..	2100,00
	<hr/>
	44163,96

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin i 18. gr. er veitt:

1. Til frú Kristínar Jacobson, ekkju Jóns Jacobson, lands- bókavarðar, frá 1. júlí 1925... ..	1538,00
2. Til frú Kristbjargar Marteinsdóttur, ekkju Sig. Jónssonar, fyrv. ráðherra, frá 1. febr. 1926 ... ..	920,34
3. Til fyrv. póstafræðslumanns, Kristjáns Blöndals, frá 1. maí 1926 ... ..	1115,55
4. Til frú Kirstínar P. Blöndal, ekkju fyrv. hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndal, frá 1. febr. 1926 ... ..	460,17
5. Til frú Ragnheiðar Torfadóttur, ekkju fyrv. skólastjóra Hjartar Snorrasonar, frá 1. sept. 1925 ... ..	906,66
6. Til frú Guðlangar Magnúsdóttur, ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogu, og barna hennar, frá 1. okt. 1926 ... ..	460,16
	<hr/>
	5400,88

kr. 288407,68

## Athugasemdir við frumvarpið.

### Við 2. gr.

1. Ráðherrabústaðurinn, sem er ætlaður til þess að vera embættisbústaður forsætisráðherra, hefir eigi verið notaður þannig síðan í ársbyrjun 1917, nema þau 2 ár, 1922—24, sem Sig. Eggerz var forsætisráðherra. Það hefir þótt rjett að taka húsið nú til notkunar samkvæmt tilgangi sínum, en óhjákvæmilegt var að láta fara fram gagngerða viðgerð á húsinu, þar á meðal að setja í það miðstöðvarhitun, ytri glugga, baðherbergi og margt fleira. Eftir þessa viðgerð er húsið nú mjög gott og mjög sæmlegur embættisbústaður fyrir forsætisráðherra. Þó þarf enn að lagfæra lóðina og girðingar umhverfis hana.

2. Þessi útgjöld voru ráðin á Alþingi 1925, þegar ákveðið var að skipa aftur mann í sendiherrastöðuna í Kaupmannahöfu.

### Við 3. gr.

1. Endurveiting.

2. Svo var ráð fyrir gert á þinginu 1926, að nokkur upphæð yrði greidd úr ríkissjóði, til þess að Bjarni heitinn Jónsson frá Vogu gæti leitað sjer heilsu-bótar erlendis. Af því varð ekki, en eigi að síður hefir þótt óhjákvæmilegt að greiða þessa upphæð.

3. Á Vífilstöðum hefir verið reistur starfsmannabústaður, aðallega fyrir það fólk, sem stundar búskapinn á jörðinni, og fyrir aðstoðarlækninn. Húsið kostaði yfir 50 þús. kr., og er reist að mestu fyrir tekjur búans, en þessar 15 þús. kr. vantaði til. Þótti rjettara að greiða þær beint úr ríkissjóði en að taka lán upp á væntanlegar tekjur af búinu.

4. Þetta er framhald af samskonar fjárveitingu, er samþykkt var í fjáráka-lögum fyrir 1925.

### Við 4. gr.

Snjóbíll, til þess að reyna að halda vegum akfærum að vetrarlagi, var keyptur eftir samráði við fjárveitinganefndir Alþingis 1926.

### Við 5. gr.

1. Prestsseturshúsið á Höskuldsstöðum brann 1925, og varð þá að byggja upp staðinn, þótt búið væri að ráðstafa því fje, er veitt var til prests-seturshúsa.

2. Samkvæmt ráðstöfun hlutaðeigandi ráðherra, í samráði við Alþingi, hefir verið bygt prestsseturshús á Bergþórshvoli, í sveitabæjastíl. Húsið er nærri fullbúið. Mun kosta liðugar 30000 kr.

3.—4. Hlutaðeigandi söfnuðir hafa tekið að sjer umræddar kirkjur, gegn tilfærðu álagi. Það er rjett enda lögum samkvæmt, að ríkið afhendi svo fljótt sem unt er söfnuðunum allar ljenskirkjur, en því verður venjulega ekki fram-gengt nema ríkissjóður greiði nokkurt álag, meira eða minna eftir ástandi kirkjunnar.

5. Umræddir prestar höfðu verið kosnir til að sækja þetta almenna kirkjuþing sem fulltrúar íslensku kirkjunnar.

6. Þetta er lokaupphæð, hitt var greitt samkv. fjáráukalögum f. 1925.

7. Húsið nr. 12 í Kirkjustræti er aðallega notað sem gerlarannsóknarstofa, ekki að eins í þarfir háskólans, heldur einnig í þarfir alls landsins. Það var orðið svo úr sjer gengið, að eigi var nothæft lengur.

8. Til þess að sækja hátið Landbúnaðarháskólans í Khöfn, sem setin var af fulltrúum margra Norðurlálfupjóða.

9. Til viðhalds og viðgerðar á gagnfræðaskólahúsinu varð eigi komist hjá að verja nokkru fje aukreitis. Meðal annars reyndust reykháfar hússins ónýtir. Varð samkvæmt kröfu brunamálastjóra að gera þá upp af nýju.

10. Með athugasemd við 14. gr. B. XVI. fjárlaganna fyrir árið 1927 var stjórninni heimilað að byggja við daufdumbraskólann. Það var ekki talið fært að fresta byggingunni til ársins 1927, eða þangað til búið væri að selja lóðir fyrir kostnaðinum.

11. Vegna götulagningar verður að rifa niður skúr við stýrimannaskólahúsið, þar sem til þessa hafa verið salerni skólans. Var ekki annað tiltækilegt en að láta gera við kjallarann í húsinu og setja þar vatnssalerni.

#### Við 6. gr.

1. Stofnun þessi gefur út yfirlit yfir verslunarskýrslur margra landa og er haldið uppi með tillögum frá ríkjunum. Haustið 1922 var ákveðið, að Ísland gengi í samtök þessi, en tillagið hjeðan, sem á að vera 2800 belgiskir frankar árlega, hafði ekki verið greitt fyr en nú, og þótti ekki verða hjá því komist.

2. Þetta er framhald af viðgerð þeirri á Landsbókasafnshúsinu, sem kostuð var að mestu leyti af aukafjárveitingu 1925.

3. Það verður að fallast á það, sem yfirskjalavörðurinn segir, að hann geti ekki verið aðstoðarmannslaus. Aðstoðarmaður var ráðinn 1. júlí 1926 með 300 kr. mánaðarlaunum. Helmingurinn er greiddur af fje veittu til safnsins, hinn helminginn hefir ríkisstjórnin látið greiða án þess veitt væri fje til þess.

4. Svo var um samið, að prófessor Guðmundur Finnbogason tæki við landsbókavardarstöðunni með launum, sem svaraði hæstu launum prófessora. Því hefir orðið að greiða honum uppbót, 1125 kr. samtals, fyrir tímabilið 1. okt. 1924 til 1. jan. 1927, en þá hverfur uppbótin.

5. Endurveiting, styrkurinn var ekki tekinn í tæka tíð.

6.—8. Utanfararstyrkir í samræmi við það, sem nú hefir verið tekið upp í fjárlög.

9. Til útgáfu minningarrits þessa þótti rjett, að ríkissjóður veitti styrk til jafns við Eggerts Ólafssonar sjóðinn.

#### Við 7. gr.

1. Viðhald þessa varnargarðs hefir áður verið greitt úr ríkissjóði.

2. Vísast til athugasemda við frv. til fjáráukalaga fyrir 1925, 5. gr. 3. Alpt. 1925 A., bls. 152.

3. Samskonar styrkur er veittur frá 1. jan. 1927 í fjárlögum.

4. Sjá aths. við 5. gr. 8.
- 5.—6. Óbjákvæmilegar viðhaldsráðstafanir.
7. Fjárveiting frá 1. jan. 1927 er í fjárlögum.

Við 8. gr.

- 1.—5. Samskonar fjárveitingar eru frá 1. jan. 1927 teknar upp í fjárlög.
6. Tilsvarandi tillaga er í frv. til fjárlaga fyrir 1928.